

Námsmat í 1. bekk Hrafnagilsskóla 2006-2007

Sýnismappa (ferilmappa): Hver nemandi safnar völdum verkefnum í sýnismöppu í vetur og er efni hennar ætlað að sýna framfari í námi nemandans. Valin verða verkefni í möppuna tvisvar á ári, þ.e. í lok anna. Nemandi og kennari velja saman efni í möppuna. Einnig verða sjálfsmatsverkefni nemanda í möppunni (sjá sýnismappa). Mappan fylgir nemandanum til loka grunnskólanáms.

Leiðasagnarmat: Unnið verður með leiðsagnarmat í vetur þar sem rætt verður við nemandann um verkefni hans og vinnubrögð eftir því sem við á og hrósað fyrir vel unnin verkefni og góða hegðun. Kennari notar gátlista til að meta vinnubrögð nemanda í verkefnum, hóp-/einstaklingsverkefnum, a.m.k. tvisvar á önn. Rætt verður við nemandann um það sem vel er gert og það sem má bæta.

Sjálfsmat: Unnið verður með sjálfsmat út frá *í hverju ertu góður* og eftir áramót bætist við *hvað hefurðu lært* og vikulegt myndrænt sjálfsmat á *hegðun og félagsfærni* (t.d. hjálpaði ég öðrum). Nemandinn ber verk sín saman og kennari skráir niðurstöður (einstaklingssamtal).

Marklistar: Kennari notar matslista (stig í félagsþroska) til að meta félagsfærni nemanda að hausti (september/október) og að vori (apríl/maí). Foreldrum gerð grein fyrir hvernig barnið stendur í félagslegum samskiptum að vori (og hausti ef þurfa þykir). Á vorönn verður unnið með marklista eða viðmiðunarkvarða í lesskilningi fyrir 1. bekk og foreldrum greint frá niðurstöðum á vorönn.

Sýnismappa (Portfolio) fyrir 1. bekk Hrafnagilsskóla

(unnið uppúr gögnum frá Björgu Vigfúsínu Kjartansdóttir)

Markmið

- Að sjá hvernig færni nemenda þroskast og þróast
- Myndræn og hljóðræn skráning á verkum nemenda
- Nýta til námsmats t.d. skrift o.s.frv.
- Nýta í viðtölum við foreldra til að sýna framfarir nemenda
- Að nemendur eignist möppuna við lok grunnskólagöngu og geti sjálfir gert sér grein fyrir hvernig verk þeirra hafa þróast og þroskast með árunum.

Hvað á að vera í möppu hjá 1. bekk

1. Sjálfsmynd sem nemendur teikna á haustin og vorin (má vera ljósrit)
2. Sýnishorn af skrift að vori og hausti
3. Tvær til þrjár sögur á ári
4. Sérstök verkefni sem mætti taka ljósmyndir af eða ljósrit
5. Ljósmynd af nemanda, bekkjarmynd og nafnalista fyrir hvert ár
6. Lestrarferlið. Taka lestur upp einu sinni á ári eftir áramót
7. Stærðfræði t.d. sögur eða myndir
8. Samfélags- og náttúrufræðiverkefni (ljósmyndir eða ljósrit)
9. Annað sem er verðugt að hafa í möppunni, s.s. efni frá öðrum kennurum. Setja efni á CD ef tilefni gefst til.
10. Áhugasvið/viðhorfskönnun gerð á haustönn, s.s. uppáhalds/dýr-bók-matur, ég ætla að verða, ég er góð/ur í.
11. Tvö verkefni úr tónmenn, haust og vor.
12. 2 verkefni frá heimilisfræðikennara.

Hvernig á að geyma efnið?

- Í möppu fyrir tvö göt

Hvað þarf að vera í möppunni?

- Millispijöld (1-10)
- Plastvasi með "rennilás"(A5)
- Plastvasar (A4)
- Plastvasi fyrir Cd disk
- Cd diskur

Námsmatsáætlun í 1. bekk 2006-2007

Haustönn	Vorönn
Ágúst: 28.-1.09. Sjálfsmynd.	Janúar: Byrja á vikulegu sjálfsmati nemenda á hegðun og félagsfræni.
September: 18.-29.09. Lestrarkönnun (stafabekking og hraðapróf).	Febrúar: Vikulegt sjálfsmati nemenda á hegðun og félagsfræni.
Október: Tove Krogh. Félagsþroskamát í lok október.	Mars: Vikulegt sjálfsmati nemenda á hegðun og félagsfræni. Mat á einstaklingsvinnubrögðum yfir 3 daga.
Nóvember: Sjálfsmat nemenda- <i>í hverju er ég góð/ur. Áhugasvið/viðhorfskönnun gerð á haustönn, s.s. uppáhalds/dýr-bók-matur, ég ætla að verða, verst að borða.</i>	Apríl: Vikulegt sjálfsmati nemenda á hegðun og félagsfræni. Mat á félagslegri færni í lok apríl (úr möppunni Gaman saman).
Desember: Meta vinnubrögð og þátttöku í verkefni um jólin (hópv.). Lestrarpróf. Val/mat á verkefnum sem eiga að fara í möppuna.	Maí: Vikulegt sjálfsmati nemenda á hegðun og félagsfræni. Lesskilningur-marklistar og hraðapróf. Val/mat á verkefnum sem eiga að fara í möppuna.